

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2005 um skyldu viðurkenndra viðhaldsstöðva, viðhaldsvotta og handhafa flugrekstrarleyfa útgefina af Flugmálastjórn Íslands til að fara að fyrirmælum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 15. júní 2005 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefina af stofnuninni, viðhaldsvottum og viðurkenndum viðhaldsstöðvum skylt að fara að ákvæðum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum, ásamt skýringarefni. Fyrri reglugerðin var gefin út 24. september 2003 og er um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja. Sú síðarnefnda var gefin út 20. nóvember 2003 og varðar viðvarandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

Flugmálastjórn Íslands mun veita viðhaldsstöðvum, viðhaldsvottum og flugrekendum undanþágu frá þeim ákvæðum auglýsinga nr. 477/1994 og 426/2002 sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði reglugerðanna.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. maí 2005

Borgeir Pálsson flugmálastjóri.